

HEIMIR



IV. útgangur

WINNIPEG, 1907.

3. blað.

TIL PEIRRA MEÐSEKU.

EFTIR

HENRIK IBSEN



MITT heima' i norðri, fólk, og fagra land
Með fjöll, sem mjöllug kreppa' að ljóssins öldum,
Með fararhaft um flæði, hraun og sand,
Og flugmagn andans tept af öðrum völdum —
Í þungu skapi þér eg flyt minn óð, —
Og þann minn hinsta, spáir dapurt geðið,
Því enginn hesir yfir dauðri þjóð
Sem eitt af hennar skáldum grafljóð kveðið.

Og hér er sýkin. — Eg sé ógnar lík
Sem Ýmis, rotna, breiða' út voða-plágu,
Og loftið eitrað fyllir fjörð og vík,
Og flytur sjúkdóm jafnt þeim háu og lágu.
Und öllum Noregs fánum fel það hræ!
Þig, fram til starfs þess kveð eg, fólkis ðunga!
Þar Jómsvíkingum jarlinn mætti' á sæ
Því jötunlíki varpa' í hafssins drunga.